

GJALDSKRÁ

vatnsveitu í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Gjaldskýlda.

Sveitarfélagið Vogar innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald, sbr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga, er 0,08% af heildarfasteignamati íbúðarhúsnæðis og 0,19% af öðru húsnæði.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Abyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

3. gr.

Heimæðagjald.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Voga við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af vatnsveitu Voga.

<i>Þvermál heimæðar, PE</i>	<i>Verð kr., lengd heimæðar 0-35 m*</i>	<i>Kr. á metra umfram 35 m</i>
< 32	296.525	2.965
40	383.544	3.835
50	496.522	4.965
63	716.023	7.160
75	956.701	9.567
90	1.392.354	13.924
110	1.554.412	15.544
160	1.820.574	18.206

* Heimæðagjald er greitt fyrir fram.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af vatnsveitu Voga í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 30 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 44.000 kr.

4. gr.

Grafrargjöld.

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ef ídráttarrör reynist ónothæft greiðist, vegna skurðgraftar, 11.613 kr./lengdarmetra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost er í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á:

<i>Klaki/klöpp</i>	<i>Dýpt cm</i>	<i>Kr./lengdarmetra</i>
klaki/klöpp	< 30	3.702
klaki/klöpp	> 30	7.469

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Fyrirtæki og aðrir skulu greiða aukavatnsgjald (notkunargjald), 20 kr./m³ þegar þau nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

6. gr.

Mælaleiga.

Mælaleigu skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 14. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga skulu greiðendur aukavatnsgjalds árlega greiða vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Nafnmál / "</i>	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga kr. á ári</i>	<i>Mælaleiga kr. á dag</i>
< 25 / 1"	25	10.748	29
30 / 1¼"	30	11.397	31
40 / 1½"	40	14.039	38
50 / 2"	50	18.617	51
65 / 2½"	65	28.239	77
80 / 3"	80	40.680	111
100 / 4"	100	51.983	142
150 / 6"	150	59.936	164

7. gr.

Vísitölubinding.

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau sem koma fram í 2. gr. miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2021) í nóvembermánuði 2023 (116,4 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

8. gr.

Gildistaka gjaldskrár.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 13. desember 2023 og öðlast þegar gildi. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1692/2022.

Samþykkt á 214. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 13. desember 2023.

Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri.